

Mánudaginn 20. júní 1960.

Nr. 186/1959. **Dagbjartur Geir Guðmundsson**

(Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

Birni Jónssyni (Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnulaunakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1959 og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði var lögð fram skipshafnarskrá v/b Nönnu, GK 504, staðfest af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 27. febrúar 1958. Sýnir hún, að stefndi hefur þann dag ráðizt í skiprúm á v/b Nönnu, og skyldu um ráðningu hans gilda „Vestmannaeyjakjör“. Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda meðal annars um eftirstöðvar af andvirði aflahlutar frá greindri vertið. Eru aðiljar ósammála um verðlagningu á fiski þeim, sem kom í hlut stefnda. Var því nauðsynlegt vegna fyrimæla skipshafnarskrár um ráðningarkjör, að aflað væri vitneskju um verð það, sem hásetum á vélbátum var goldið í Vestmannaeyjum fyrir afla sinn á vetrarvertið 1958, en um það hafa ekki komið fram gögn í héraði.

Afrýjandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi án gildra ástæðna gengið úr skiprúmi hinn 12. apríl 1958. Af þeim sökum telur hann sig hafa öðlzt skaðabótakröfu á hendur stefnda, að fjárhæð kr. 6000.00, sem koma eigi til skuldajafnaðar við kröfu stefnda. Skaðabótakrafa þessi er vanreifuð.

Þar sem upplýsingar brast um atriði, sem máli skiptu,

hefði héraðsdómi verið rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að skýra málið og afla framhaldsgagna eða vísa málinu frá dómi, ef hann taldi það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málflutnings, og er greinargerð um málsatvik í forsendum hins áfrýjaða dóms mjög áfátt og rökstuðningur fyrir niðurstöðum ófullkominn. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. júlí 1959.

Ár 1959, laugardaginn 25. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Guðmundi Sigurjónssyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi kaupstaðarins með stefnu, útgefinni 3. júní s.l., af Birni Jónssyni sjómanni, Hafnarfirði, gegn Dagbjarti Geir Guðmundssyni, Köldukinn 16, hér, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 17.305.40 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krefst greiðslu á kr. 11.594.62, en hér frá dregst útborgun í peningum, kr. 5000.00, og fæði, kr. 1918.80, og önglar, kr. 100.00, eða alls kr. 7018.80, og verður því endanleg dómkrafa kr. 4.575.82 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu, svo og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar dómkröfunni.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu og til vara, að dómkrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að þann 5. marz 1958 réðst stefnandi sem háseti á vélbátinn Nönnu, GK 504, til handfæraveiða, og er um stefnd skuld verðmæti þess hlutar af afla, sem stefnandi telur sig eiga inni til 9. apríl, en þá fór hann af bátnum.

Í málinu hefur orðið ágreiningur um, hvernig reikna skyldi verðmæti aflans. Hefur stefnandi miðað við verð það, sem greitt hefur verið á Reykjanesi og Snæfellsnesi, og liggja fyrir í málinu upplýsingar um það. Féllst rétturinn á eftir öllum aðstæðum að leggja þetta verðlag til grundvallar, enda ekki samið um annað eða að telja megi aðra reglu réttmætari í því efni.

Þá hefur stefndi haldið fram, að stefnandi hafi hlaupið fyrirvaralaust úr skiprúmi og skaðað með því útgerðina mikið um það leyti, sem aflahrota stóð yfir, og áætlað það 6000 kr., sem komi til frádráttar.

EKKI verður fallizt á gegn mótmælum stefnanda að taka þessa kröfu til greina, enda eru engin gögn lögð fram fyrir því í málinu.

Með vísun til framanritaðs verða kröfur stefnanda teknar til greina, eins og þær liggja fyrir við munnlegan flutning málsins.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1100.00.

Þá ber og að staðfesta sjóveðrétt fyrir tildæmdum fjárhæðum í v/b Nönnu, GK 504.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbjartur Geir Guðmundsson, greiði stefnandanum, Birni Jónssyni, kr 4575.82 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og kr. 1100.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
